

## Skeytingarleysi vinnumarkaðarins gagnvart fötluðu fólki



**Bergur Þorri Benjaminsson**  
varaformaður  
Sjálfsbjargar



**Árið 2012 var meðal starfsmannafjöldi þeirra sem eru með fötlun hjá hverju ráðuneyti 1. Já, þú last rétt, einn! Ergo, ríkið gengur á undan með góðu fordæmi eða hitt þó heldur.**

Það fór ekki framhjá undirrituðum þegar einum starfsmanni Landsbankans í Reykjaneshævar var sagt upp störfum. Starfsmaður þessi hafði unnið í bankanum í 30 ár og hann sinnti vinnu sinni vel og sýndi ríka þjónustulund. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum og almennri vitneskju var þessi starfsmaður í svipuðu starfi allan sinn feril hjá bankanum. Starfsmaðurinn afgreiddi m.a. greiðslukort til viðskiptavina og sá um almenna upplýsingagjöf.

Það að hann hafi unnið í sama starfinu í 30 ár vekur hins vegar upp spurningar um hvort viðkomandi hafi ekki haft möguleika á að vinna sig upp í starfi. Var það vegna þess að viðkomandi er fatlaður?

Ekið var á viðkomandi fyrir nokkru síðan. Hann var vegna þessa frá vinnu í 5 mánuði og ekki leidd á löngu frá því hann snéri aftur til vinnu þar til honum var sagt upp. Nú er það alltaf þannig að einhverjum er sagt upp. Fyrirtæki þurfa jú að sníða sér stakk eftir vexti. Það gleymist hins vegar algjörlega að þeim sem búa við skerta starfsorku er sagt upp fyrst þegar uppsagnir standa fyrir dyrum og fá síðast ráðningu, þegar búið er að leita lagandi ljósi að starfskrafti. Oftar en ekki spilar þarna inn í að minnihluti starfa eru hlutastörf.

Nú er það hins vegar þannig að allir þurfa hlutverk í lífinu og ef það er ekki til staðar veslast fólk upp. Það snýr sólarhringnum við og þar fram eftir götunum. Í Þýskalandi hafa þarlend stjórnvöld tekið undir þetta sjónarmið. Þar í landi gildir m.a. að vinnustaðir þar sem 20 eða fleiri starfa þurfa að minnsta kosti 5% starfsmanna að vera fatlaðir. Gildir bæði um opinbera geirann og um einkageirann. Annars borga fyrirtæki sektir. Þar í landi hafa vinnuveitendur ríka

ábyrgð gagnvart fötluðum starfsmönnum, þurfa þeir t.d. að sjá til þess að starfsmenn hafi möguleika til þess að vinna sig áfram innan fyrirtækisins. Þetta er gert undir merkjum samfélagslegrar ábyrgðar.

### Betur má ef duga skal

Á Íslandi eru engin takmörk á því hversu skeytingarlaus vinnumarkaðurinn getur verið. Eftir hrúnið var fatlað fólk látið fara í löngum röðum. Síðan þá hafa greiðslur úr almannatryggingakerfinu hækkað meðal annars vegna þessa. Með þessu er ég ekki að segja að fatlað fólk eigi að vernda á einhvern átt, en til að það standi jafnfætis þarf að bjóða upp á lausnir svo það sé mögulegt. Engum myndi detta í hug að hafa öll hús með tröppum, þess vegna eru settar lyftur svo allir hafi jafnt aðgengi að manngerðu húsnæði. Sama gildir um vinnumarkaðinn, það þarf að lyfta honum upp!

Mörg fyrirtæki hafa þó sýnt lit í þessum efnunum og ráðið fatlað fólk, en betur má ef duga skal. Ríki og sveitarfélög eru fjármögnuð með skattfé frá okkur sem byggjum landið og við eigum kröfu á að þessir aðilar gangi á undan með góðu fordæmi. En gera þau það? Árið 2012 var meðal starfsmannafjöldi þeirra sem eru með fötlun hjá hverju ráðuneyti 1. Já, þú last rétt, einn! Ergo, ríkið gengur á undan með góðu fordæmi eða hitt þó heldur. Á meðan gráta forsvarsmenn fjárveitingavaldsins yfir hækkanði útgjöldum til almannatrygginga. Þeim vorkenni ég ekki, fyrst þarf að breyta viðhorfum vinnumarkaðarins áður en þeirra tár verða þerruð.

## Illuga þögn stjórnar Rithöfundasambandsins; ítrekun spurninga



**Helgi Ingólfsson**  
rithöfundur

Þann 21. janúar sl. fékk ég birt hér í Fréttablaðinu opið fyrirspurnarbréf til stjórnar Rithöfundasambands Íslands. Þar sem stjórnin hefur ekki virt mig svars, vil ég áreita fyrri spurningar og skerpa á með því að bæta við fæinunum áleitnari, ef það kynni að verða til að kynja á um svör:

1. Hvaða skýringar eru á því að Björn Vilhjálmsson, nefndarmaður RSÍ í úthlutunarnefnd í Launasjóði rithöfunda, sat ekki í þrjú ár eins og verklagsreglur gera ráð fyrir, heldur einungis eitt?
2. Hvaða rök lágu að baki því að Birni var skipt út óforvarendis?
3. Hvernig fór það ferli fram að Birni var skipt út? Hver átti hugmyndina að því og hvers vegna? Stóð stjórn RSÍ að útskiptingunni saman? Einhuga?
4. Hvernig var nýr aðili fundinn? Hvaða aðferðarféði lá til grundvallar?

Hver talaði við hann? Allir stjórnarmenn? Hvernig var þeim fundi háttáð þar sem ákveðið var að skipta um mann, sem og þeim fundi þar sem valinn var nýr? Var fundurinn/-irnir formlegur? Var ritari að fundinum/-unum? Var skráð fundargerð?

5. Var stjórn RSÍ beitt utanaðkomandi þrýstingi við að skipta Birni út eða gerði hún það alfarið að eigin frumkvæði?

6. Hefur upplýsingagjöf af hálfu stjórnar vegna útskiptingarinnar verið jöfn og lýðræðisleg til allra almennra félagsmanna innan sambandsins? Má ætla að sumir almennir félagsmenn innan RSÍ hafi meiri vitneskju um ferlið og málið allt heldur en aðrir?

7. Má búast við að þagnir verði viðbrögð stjórnar RSÍ í framtíðinni, þegar forðast þarf áleitnar spurningar?

8. Og síðast en ekki síst: Hvers vegna hefur stjórn RSÍ ekki svarað spurningum um þessi efni? Hvers eða hversra hagsmunum þjónar þögnin? Hvers eða hversra hagsmunum þjónaði útskiptingin?

Með afdráttarlausri ósk um skýr efnisleg svör.

## Að vinna með atvinnulífinu en ekki gegn því





**Andrés Magnússon**  
framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu

Samkeppniseftirlit hafa mikilvægu hlutverki að gegna í öllum þeim ríkjum sem líta á virka samkeppni sem helsta drifkraft atvinnulífsins. Þetta á við um öll ríki í okkar heimshluta, báðum megin Atlantsála, enda er samkeppnislöggjöf mjög þróuð í þeim ríkjum öllum, ekki hvað síst í Bandaríkjunum. Íslensk samkeppnislöggjöf er í öllum aðalatriðum sambærileg evrópski löggjöf á þessu sviði, enda er það ein forsenda fyrir því að innri markaður Evrópska efnahagssvæðisins virki. Hin lagalega umgjörð samkeppnismála hér á landi er því að flestu leyti sambærileg og í þeim löndum sem við berum okkur að jafnaði saman við, þó þar séu óheppilegar undantekningar sem þarf að laga.

Af þessari lýsingu mætti því ætla að framkvæmd samkeppnislaga og -reglna sé í öllum aðalatriðum sambærileg á Íslandi og í nágrannalöndum okkar. Margt bendir til að svo sé ekki. Sá munur snýr einkum og sér í lagi að því hvernig Samkeppniseftirlitið hér á landi hagar samskiptum sínum við forsvarsmenn í atvinnulífinu. Þau samskipti virðast vera með öðrum hætti í mörgum nágrannalanda okkar.

Fullyrða má að allur þorri atvinnurekenda hafi það að leiðarljósi að virða lög og reglur í hvívetna. Það á ekki hvað síst við um samkeppnis-

### Viðhorf almennings til fyrirtækja og áhrifa þeirra á samfélagið



Heimild: Könnun Festu – samfélagsábyrgð fyrirtækja, sem gerð var í júní 2014.

lög, enda geta brot á þeim lögum haft í för með sér víðtækar fjárhagslegar afleiðingar sem og orðsporshnekkir fyrir fyrirtæki og forsvarsmenn þeirra. Forsvarsmenn fyrirtækja verða því að geta sótt leiðbeiningar til Samkeppniseftirlitsins um „hvað má og hvað má ekki“, án þess að slíkt hafi einhverjar sérstakar afleiðingar í för með sér eða feli í sér viðurkenningu á meintu broti.

### Veigra sér við að gagnrýna

Því miður upplifa forsvarsmenn fyrirtækja viðhorf Samkeppniseftirlitsins oft þannig, að eftirlitið liti á það sem sitt hlutverk að vinna gegn atvinnulífinu en ekki með því. Í mörgum tilfellum ríkir því fullkomið vantraust í atvinnulífinu í garð eftirlitsins. Forsvarsmenn fyrirtækja veigra sér við að gagnrýna störf eftirlitsins, af ötta við að kalla yfir sig það sem kalla mætti hefndarögerðir. Forsvarsmenn Samkeppniseftirlitsins tjá sig gjarnan með þeim hætti í fjölmiðlum að verið sé að sá frægum tortryggni í garð þeirra sem atvinnurekstur stunda.


Það skyldi þó ekki vera að þessi

vinnubrögð Samkeppniseftirlitsins á Íslandi endurspeglar í mismunandi viðhorfi almennings í Danmörku annars vegar og á Íslandi hins vegar eins og hún birtist í nýlegri könnun Festu – samfélagsábyrgð fyrirtækja. Í þeirri könnun var leitað eftir viðhorfi almennings til fyrirtækja og áhrifa þeirra á samfélagið. Munurinn milli þessara landa er sláandi mikill eins og sést á meðfylgandi samanburði.

Þátttakendur voru spurðir um hvort þeir teldu að áhrif fyrirtækja á íslenskt samfélag væru jákvæð eða neikvæð.

Samtök verslunar og þjónustu hafa innan sinna vébanda stóran hóp fyrirtækja, stórra, meðalstórra og lítilla. Ekkert þessara fyrirtækja dregur í efa mikilvægi samkeppnislöggjafar fyrir samfélagið í heild sinni enda þrífast þau sem slík í skjóli samkeppnisreglna. Það er hins vegar algerlega óviðunandi staða að búa við tortryggni samkeppnisyfirlalda og oft og tíðum grimularas áskanir þeirra um að fyrirtækin viðhafi samkeppnislagabrot. Því ástandi verður að linna.

## Það má ekki nota skrufjárn fyrir sleikjó



**Atli Freyr Arason**  
fjölmiðlafræðinemi við Háskólann á Akureyri

Skrif þessi eru hugsuð sem svör við pistli Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur sem birt voru í Fréttablaðinu þann 3. febrúar sl.

Undirritaður fellst á þær fullyrðingar Áslaugar að nafnalöggjöf á Íslandi er furðuleg sem og bann við blönduðum bardagalistum, en eru þetta virkilega forsendur fyrir röksemdafærslunni „áfengi í matvöruverslanir“? Þvert á móti. Frjáls markaður og einstaklingsfrelsi eru helstu vopnin í rökraðunum.

### Hvað þýðir frjáls markaður?

Frjáls markaður þýðir í grunninn að ríkið skiptir sér ekki af markaðnum heldur leyfir honum að þróast á eigin forsendum, að markaðurinn stjórna einungis af framboði og eftirspurn. Þetta getur þýtt að markaðnum verði ekki settar neinar kvæðir, t.d. bann eða takmörkun. Þetta getur þýtt að markaðurinn verði ekki skattlagður. Hugmyndin er þessi: enginn skattur á vörum og þjónustu = lægra vöruverð og lægri framleiðslukostnaður. Lágur framleiðslukostnaður = aukinn áhugi á því að framleiða = aukin samkeppni á markaðnum = lægra verð fyrir neytandann. M.ö.o. allir græða, nema þeir sem eru of gráðugir.

Þetta er ekki alveg svona einfalt eins og hagfræðingurinn Karl Polayni útskýrir í bók sinni, The Great Transformation.

Búum til sýndarveruleikadæmi; Ef við ætlum að búa í samfélagi með fullkominn 100% frjálsan markað með engum ríkisafskiptum af neinum vörum og þjónustu þá væri allt áfengi að sjálfsgöðu leyft í verslunum. Þá ætti einnig að vera hægt að nálgast vændi, heróin og Fruity Loops í næstu sjoppu þar sem að frjáls markaður stuðlar að engum kvöðum á vörur eða þjónustu. Ef ríkið kemur ekki að markaðnum með neinum hætti eins og t.d. með bannvörum, lág- og hámarksþaki eða skattlagningu, þá eru m.ö.o. engar leikreglur á markaðnum. Í dag er réttarríkið „dómarinn“ í markaðsmálum. Lægri skattar skila sér í lægri innkomu í ríkissjóð, en það er ekki vandamál, þar sem, samkvæmt frjálsnum markaði eru eftirlitsstofnanir, heilbrigðiskerfið, menntakerfið og fleiri opinberar stofnanir ekki í umsjá ríkisins.

### Skila þessar framkvæmdir sér í lægra verði fyrir neytandann?

Á Íslandi eru ríkisrekni skólar sem og einkarekni skólar. Skoðum menntakerfið á Íslandi sem raunverulegt dæmi. Heildarkostnaður ríkisins vegna kennslu allra menntaskólanema í landinu er 9,5 milljarðar króna. Nemandi á bóknaðsbraut í félagsvísindadeild í Borgarholtsskóla er að greiða samtals 136.000 krónur fyrir stúdentspróf sitt á fjórum árum. Sama nemandi stendur einnig til boða að sækja um nám í Keili í formi háskólabráur. Fullt nám til þriggja ára í félagsvísindadeild við Keili kostar nemandann 1.830.000 krónur. Það er mismunur upp á tæpar 1,7 milljónir íslenskra króna frá ríkisstyrkta skólanum. Ef Borgarholtsskóli væri ekki styrktur af ríkinu væri námskostnaður líklega svipaður og hjá Keili. Skattar hjálpa okkur að greiða niður



**Þegar enginn skattþeningur rennur í ríkissjóð, hver á þá að greiða fyrir gatnaviðgerðir og nýjar brýr? Hver á að greiða læknum og kennurum laun? Hver ætlar að halda uppi almennings-samgöngum? Yndislegt þetta einstaklingsfrelsi!**

þá þjónustu sem okkur finnst sjálfsagt að hafa aðgang að, sama hver fjárhagsstaða neytanda er.

Þó markaður sé frjáls og samkeppni sé jöfn þá er ekki óumflýjanlegt að menn taki ýmist góðar eða slæmar fjárhagslegar ákvarðanir.

Ekki er því útilokað að fyrirtæki gæti eignað sér 100% markaðshlutdeild á „frjálsnum“ markaði. Hvað þá? Þá er ekkert opinbert samkeppniseftirlit til að stöðva þá í að stjórna framboði og verðlagi eftir þeirra eigin hugmyndum, því jú, eru ekki öll fyrirtæki rekin í hagnaðarskyni? Græða á daginn og grilla á kvöldin? Ef það er enginn markaðsdómari, hver á þá að skerast í leikinn þegar leikurinn fer að verða ósanngjarn?

Þegar enginn skattþeningur rennur í ríkissjóð, hver á þá að greiða fyrir gatnaviðgerðir og nýjar brýr? Hver á að greiða læknum og kennurum laun? Hver ætlar að halda uppi almennings-samgöngum? Yndislegt þetta einstaklingsfrelsi!